

22. Katrín Jakobsdóttir (Huvudinlägg)

Forseti Norðurlandaráðs, forsætisráðherrar og norrænu vinir. Ég ætla að byrja á því að þakka Stórþinginu og Noregi fyrir hlýjar móttökur, eða kaldar, hér í Ósló. Það er ekki byrjað að snjóa heima hjá okkur á Íslandi. Ég vil líka þakka Norðurlandaráði fyrir þennan leiðtogafund þar sem okkur gefst tækifæri til að ræða þær miklu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir, bæði í öryggismálum og loftslagsmálum.

Í fyrra kynnti ég formennskuáætlun Íslands þar sem friður var eitt af meginþemum en síðan þá hefur ástandið í alþjóðlegum öryggismálum heldur versnað. Hinum hrikalegu árásum Hamas-hryðjuverkasamtakanna á saklausa borgara hinn 7. október hefur verið svarað með skelfilegum stríðsrekstri Ísraels á Gaza. Alþjóðleg mannúðarlög sem kveða á um vernd almennra borgara og neyðaraðstoð verður að virða og þeim verður að fylgja því að alþjóðleg mannúðarlög fela ekki bara í sér réttindi heldur líka skyldur. Ísland styður tveggja ríkja lausn og þó að hún sé fjarlæg nú er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að setjast að samningaborðinu og vopnahlé af mannúðarástæðum er fyrsta skrefið.

Í Úkraínu hafa bardagar geisað í 615 daga með tilheyrandi mannfalli og eyðileggingu. Við á Norðurlöndunum höldum áfram að standa þétt við bak úkraínsku þjóðarinnar og við styðjum heils hugar þá friðaráætlun sem forseti Úkraínu, Volodymyr Zelensky, hefur kynnt.

Sem hluti af íslensku formennskuáætluninni héldum við alþjóðlega friðarráðstefnu í Reykjavík í síðasta mánuði og þar kom fram að um 70 vopnuð átök geisa um víða veröld. Það er sorgleg staðreynd að afvopnun og friðsamlegar lausnir deilumála eru á undanhaldi. Sú öfugþróun kallast á

við veikingu alþjóðalaga og alþjóðastofnana. Í næsta mánuði fögnum við 75 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Á sama tíma sjáum við víða bakslag í mannréttindabaráttu og við sjáum ráðist að réttindum kvenna víða. Ég nefni sérstaklega Afganistan og Íran þar sem ríkir beinlínis neyðarástand í jafnréttismálum.

Kæru vinir. Það eru sannarlega viðvarandi og vaxandi áskoranir á alþjóðavettvangi en í þeim stormi standa Norðurlöndin vel að vígi með sterk velferðarsamfélög og mikið samfélagslegt traust. En það er einmitt það sem við á vettvangi norrænna forsætisráðherra höfum verið að ræða, þ.e. viðnámsþol norrænna samfélaga sem byggir á samfélagslegu trausti því samfélagslegt traust í ríkjum sem hvíla á sterkri lýðræðishefð skapar ákveðinn viðnámsþótt. Á fundi okkar á Íslandi í sumar ræddum við sérstaklega áhrif gervigreindar og tæknibreytinga á pólitíska umræðu sem hefur í för með sér upplýsingaóreiðu og samfélagslega skautun sem vinnur beinlínis gegn trausti og viðnámsþótti. Norrænu forsætisráðherrarnir ákváðu í morgun að efla norrænt samstarf á þessu sviði, vakta og skilja betur með hvaða hætti gervigreind getur grafið undan og haft áhrif á lýðræðið á Norðurlöndum. Hún hefur áhrif á alla geira samfélagsins og við vitum það hér inni að tæknin þróast miklum mun hraðar en pólitísk umræða og stefnumótun og við þurfum að bregðast við strax því lýðræðið er í eðli sínu viðkvæmt og að því þarf stöðugt að hlúa en það þarf einnig að vernda.

Í uppleggi fyrir umræðuna hér í dag er spurt hvernig megi hraða grænni umbreytingu, sem er stór spurning sem við öll glímum við daglega í okkar störfum. Hluti af lausninni er að deila þekkingu, aðferðum og tækni. Allt í kringum okkur eru góð dæmi um græna umbreytingu. Tækninýjungar sem tryggja betri orkunýtingu, sjálfbærar orkulausnir á borð við vindorku, vatnsafl og jarðhita, aukin og bætt endurvinnsla í hringrásarhagkerfi, margháttáðar leiðir til aukinnar kolefnisbindingar þar sem öll Norðurlöndin hafa þróað nýjar aðferðir, ný neysluviðmið sem taka mið af sjálfbærni, stafræn fræðsla og leiðsögn. Það er engin ein töfralausn í loftslagsmálum en saman skipta þær sköpum og við getum stýtt okkur öllum leið með samstarfi. Þar höfum við Norðurlöndin líka mikilvægan boðskap að færa sem eru réttlát umskipti, að tryggja að grænu umskiptin verði líka réttlát. Árangur okkar getur skipt máli í hnattrænu samhengi. Framlag okkar getur verið margfalt á við stærð

og það skiptir miklu að við leggjum fram ekki bara góð orð og háleit markmið á COP28 í vetur heldur líka praktískar lausnir.

Ég hlakka til umræðunnar og óska okkur öllum gagnlegra daga hér á Norðurlandaráðsþingi.

Skandinavisk oversettelse

Nordisk Råds præsident, statsministre og nordiske venner. Jeg vil begynde med at takke Stortinget og Norge for en varm modtagelse, eller kolde, her i Oslo. Det er ikke begyndt at sne hjemme hos os i Island. Jeg vil også takke Nordisk Råd for dette topmøde, der giver os mulighed for at diskutere de store udfordringer, vi står overfor, både sikkerhedspolitisk og på klimaområdet.

For et år siden fremlagde jeg Islands formandskabsprogram, hvor fred var et af hovedtemaerne, men siden dengang er den globale sikkerhedssituation blevet væsentlig forværret. Hamas-terrororganisationens frygtelige angreb på uskyldige borgere den 7. oktober er blevet besvaret med Israels forfærdelige krigsførelse i Gaza. Den humanitære folkeret, som fastsætter beskyttelse af civile og nødhjælp, bør respekteres, og den bør følges, fordi den humanitære folkeret indebærer ikke blot rettigheder, men også pligter. Island støtter en tostatsløsning, og selv om den har lange udsigter for nærværende, så er det vigtigere end nogensinde at sætte sig ved forhandlingsbordet, hvor humanitær våbenhvile er det første skridt.

I Ukraine har kampene raset i 615 dage med dertilhørende tab af menneskeliv og ødelæggelser. Vi i Norden står fortsat tæt sammen med det ukrainske folk og støtter helhjertet den fredsplan, som Ukraines præsident, Volodymyr Zelenskyj, har præsenteret.

Som et led i Islands formandskabsprogram arrangerede vi en international fredskonference i Reykjavik i forrige måned, hvor det fremgik, at cirka 70 væbnede konflikter raser rundt om i verden. Det er et sørgeligt faktum, at nedrustning og fredelige konfliktløsninger er på retur. Denne tilbagegang

giver sig udslag i en svækkelse af folkeretten og internationale institutioner. I næste måned fejrer vi 75-året for FN's Verdenserklæring om Menneskerettighederne. Samtidig ser vi tilbageslag flere steder i kampen for menneskerettigheder, hvor kvinders rettigheder er under hårdt pres flere steder. Jeg nævner særligt Afghanistan og Iran, hvor der ligefrem hersker undtagelsestilstand på ligestillingsområdet.

Kære venner. De internationale udfordringer er sandelig vedholdende og tiltagende, men i dette stormvejr står Norden stærkt med robuste velfærdssamfund og stor social tillid. Og det er netop det, vi i kredsen af nordiske statsministre har diskuteret; de nordiske samfunds modstandskraft baseret på social tillid, fordi social tillid i demokratisk funderede lande skaber en vis resiliens. På vores møde i Island i sommer diskuterede vi især, hvordan kunstig intelligens og teknologisk omstilling påvirker den politiske debat, og kan lede til misinformation og polarisering i samfundet, der direkte modarbejder tillid og resiliens. De nordiske statsministre traf en beslutning i morges om at styrke det nordiske samarbejde på dette område, at overvåge og opnå en bedre indsigt i, hvordan kunstig intelligens kan undergrave og påvirke demokratiet i Norden. Den påvirker alle samfundssektorer, og vi, der er til stede, ved alle sammen, at teknologien udvikles en del hurtigere end den politiske debat og strategier, og vi må reagere omgående, da demokratiet er sårbart i sin natur, og derfor er det nødvendigt hele tiden at værne om det, men også at beskytte det.

I diskussionsoplægget her i dag stilles spørgsmålet, hvordan man kan accelerere den grønne omstilling, et stort spørgsmål, som vi alle sammen slås med til dagligt i vores arbejde. En del af løsningen består i at formidle viden, metoder og teknologi. Vi er omgivet af gode eksempler på grøn omstilling. Teknologiske nyskabelser, der sikrer bedre energieffektivitet, bæredygtige energiløsninger, såsom vindkraft, vandkraft og jordvarme, øget og forbedret genindvinding i cirkulære økonomier, forskellige metoder til øget kulstofbinding, hvor alle nordiske lande har udviklet nye metoder, nye forbrugskriterier, der tager hensyn til bæredygtighed, digital oplysning og vejledning. Der findes ikke én magisk løsning på klimakrisen, men samlet kan flere løsninger være afgørende, og ved at samarbejde kan vi skyde genvej for os alle sammen. I den henseende har vi i Norden også et vigtigt

budskab, som er retfærdig omstilling, som går ud på at sikre, at grøn omstilling også bliver retfærdig. Vores resultater kan være vigtige i en global sammenhæng. Vores bidrag kan være mangfoldigt i forhold til vores størrelse, og det er vigtigt, at vi ikke blot bidrager med flotte ord og ophøjede mål til det kommende COP28, men også praktiske løsninger.

Jeg glæder mig til debatten og ønsker jer alle sammen gavnlige dage her på Nordisk Råds session.

Information

Talenummer

22

Type

Huvudinlæg

Person

[Katrín Jakobsdóttir](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

31.10.23 15:10